

Uppsagnir hjúkrunarfræðinga á Ríkisspítölunum og Sjúkrahúsi Reykjavíkur

Engir fundir en þreif- ingar bak við tjöldin

ENGIR formlegir fundir hafa enn verið boðaðir í úrskurðarnefnd hjúkrunarfræðinga og spítalanna til að ljúka stofnanasamningum. Óformlegar viðræður eða þreifingar standa þó yfir en öllu nánari upplýsingar hafa ekki fengist þar sem menn telja stöðuna komna á viðkvæmt stig. Samtökin Geðhjálp gáfu í gær út yfirlýsingu vegna uppsagna hjúkrunarfræðinga á geðdeildum sjúkrahúsanna og sagði þar að neyðarástand blasti við þegar þær tækju gildi 1. júlí.

Í yfirlýsingunni segir að átta af hverjum tíu hjúkrunarfræðingum móttökudeilda Landspítalans muni hætta störfum og fjórum af fimm móttökudeildum verði lokað, þar á meðal báðum bráðamóttökudeildum og því verði ekki hægt að taka við bráðveiku fólki.

„Um áttatíu geðsjúklinga sem eru á sjúkrahúsinu í dag verður að útskrifa og flestir þeirra munu lenda á götunni,“ segir í yfirlýsingunni. „Þetta er alvarlegasta ástand sem komið hefur upp á geðdeildum sjúkrahúsanna.“

Í lok yfirlýsingarinnar er áskorun til stjórnvalda um að bregðast strax við og skapa hjúkrunarfræðingum þau kjör og starfskilyrði, sem viðunandi séu til að halda uppi lögboðinni sjúkrahjónustu.

Geðhjálp segir neyðarástand blasa við og skorar á stjórnvöld

Ingibjörg Pálmadóttir heilbrigðisráðherra segir málið vera á borði ríkisstjórnarinnar og að reynt verði að ná saman næstu daga. Hallgrímur Snorrason, formaður nefndar ráðuneytisstjóra sem skipað var til að leita lausna, tjáði Morgunblaðinu í gær að menn væru að skoða, vinna og velta vöngum. Ekki hefðu verið sett tímamörk en ljóst væri að menn væru undir þrýstingi að finna lausn fyrir mánaðamót.

Anna Stefánsdóttir, hjúkrunarforstjóri Landspítala, segir undirbúningi vegna yfirvofandi uppsagna svo gott sem lokið. Felst hann m.a. í því að fá aftur inn það fólk sem ráðgerði sumarfrí frá mánaðamótum. Hún sagði einnig að sjúkrahjálfrarar og meinatæknar gætu sinnt ákveðnum störfum sem ýmist væri sinnt af þeim eða hjúkrunarfræðingum, enda sköruðust störf þessara stétta nokkuð. Þá sagði hjúkrunarforstjórinn það mjög orðum aukið sem fram kom í fréttum í gær að nýrnasjúklingar yrðu í lífshættu kæmi til upp-

sagna, þeim yrði áfram sinnt og engin hætta á ferðum. Hún kvaðst ekki hafa orðið vör við annað en velvilja starfsfólks spítalanna við að leysa þau verkefni sem upp munu koma vegna uppsagna-anna.

Engar fóstureyðingar

Kristján Sigurðsson, yfirlæknir á kvennadeild Landspítalans, tjáði Morgunblaðinu í gær að þar yrði aðeins hægt að hafa í notkun fimm hjúkrunarrúm af 50 á meðgöngudeild og legudeild. Þá yrði einungis sinnt bráðatilvikum á skurðstofu og starfsemi hennar hugsanlega sameinuð skurðstofu handlækningadeildar. Það yrði þó að koma í ljós hversu mikilli bráðapjónustu hægt væri að sinna.

Fæðingar eiga að geta gengið ótruflaðar þar sem ljósmæður eru enn við störf en uppsagnir þeirra koma til framkvæmda síðar í sumar. Komi upp bráðatilvik, t.d. keisaraskurðir, verður þeim sinnt en öllum valaðgerðum verður frestað eða reynt að fá inni með þær á nágrannasjúkrahúsum. Þá verður heldur engum fóstureyðingum sinnt, en þær eru tvær á dag að meðaltali. Ekki verður unnt að sinna aðgerðum vegna nýrra krabbameinstilvika.